



STÆR2TL05

Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

Tölfræði

Kennarar:	Kristjana Sigríður Skúladóttir (KSS) kristjanas@fsu.is Sigríður Anna Guðjónsdóttir (SAG) sigriduranna@fsu.is
-----------	---

Áfangalýsing

Undanfari: **STÆR2RU05**

Markmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- tölfræðilegum gögnum
- líkindafræði og líkindadreifingu
- hugtökunum úrtaki og þýði
- öryggisbili þýðis
- fylgni

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nemandi geti af öryggi:
- unnið úr tölfræðilegum gögnum á skipulegan hátt
- túlkað og metið tölfræðilegar upplýsingar á gagnrýnninn hátt
- notað einföld líkindi til að segja fyrir um atburði, meta áhættu, velja og taka ákvarðanir
- nota úrtak til að gera tölfræðilegt mat á þýði
- fundið öryggisbil fyrir meðaltal þýðis
- fundið fylgnistuðul milli tveggja breyta

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilið merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og unnið með þau
- sett sig inn í og túlkað útskýringar og röksemdir annarra af virðingu og umburðarlyndi
- greint og hagnýtt upplýsingar á öðru stærðfræðiprepi, í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum

- áttað sig á hvers konar spurningar leiða til stærðfræðilegra viðfangsefna, hvaða svara megi vænta og geta spurt slíkra spurninga
- hagnýtt sér stærðfræðilega þekkingu til ákvarðanatöku í sértækum verkefnum

Kennslubækur og önnur kennslugögn

Tölfræði eftir Jón Þorvarðarson (6.útg. endurpr. 2015).

Vasareiknir

Rúðustrikuð blöð eða bækur A-4.

Reglustika.

Lotupróf/Verkefnaskil/Vinnubók

Á önninni verða lögð fyrir 3 **lotupróf** og nokkur **heimaverkefni** þar á meðal **úrklippuverkefni** sem skila á fyrir miðja önn. Nemendum ber að taka öll lotuprófin og skila öllum heimaverkefnum á réttum tíma. Forfallist nemandi í lotuprófi vegna veikinda eða annarra löggildra ástæðna verður hann að taka veikinda/forfallapróf í samráði við kennara við fyrsta tækifæri. Sé lotupróf ekki tekið eða heimaverkefni ekki skilað þá er gefin einkunnin núll fyrir það.

Námsmat

Lotupróf, heimaverkefni og vinnubók (annareinkunn) gilda 30% af lokaeinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

vægi lokaprófs er:	70%
vægi annareinkunnar er	30%

Annareinkunn skiptist svona:

70%	Vægi lotuprófa	
	Vægi heimadæma er	20%
	Vinnubók	10%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

Skilyrði til að sleppa lokaprófi:

- Ná meðaltalinu 7 úr öllum lotuprófum
- Skila öllum verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

Ath.

Fjarvera lengur en 10 mín. úr kennslustund jafngildir **F**.

Vetrareinkunn reiknast ávallt inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Notkun farsíma í prófum er með öllu óheimil.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
34 - 38	19. ágúst - 19. september	Kaflar 1-4 bls. 11-85 Kennsla hefst þri. 19. ágúst. Nýnemaferð þri.9 september Afmæli FSu – lau 13. september.	Tímaverkefni/Heimadæmi Úrklippuverkefni lagt fyrir í viku 36. Vika 38 – Lotupróf 1
39 - 45	22. september - 31. október	Kaflar 5-6 bls. 87-152 Valdagur mið. 8. október	Tímaverkefni/Heimadæmi Skil á úrklippuverkefni: 10. september Vika 45 – Lotupróf 2
46 - 49	3. nóvember - 28. nóvember	Kaflar 7, 8,1, 8,2, 10 Miðannarmat, lokaskil fös. 17. október. Haustfrí 23. - 24. október.	Tímaverkefni/Heimadæmi Vika 49 – Lotupróf 3
50	8. desember - 10. desember	Upprifjun fyrir lokapróf Síðasti kennsludagur mið. 10. desember. Námsmatsdagar 11. - 15. desember. Sjúkrapróf 15. desember. Brautskráning fös. 19. desember.	

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 15. ágúst 2025

Bestu óskir um gott gengi og árangur á önninni!

Kristjana Sigríður Skúladóttir og Sigríður Anna Guðjónsdóttir